

1045. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 30. júní 2010 kl. 18:15, í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mættir voru: Kristinn Örn Jóhannesson, Benedikt Vilhjálmsson, Bergur Steingrímsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarki Steingrímsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jón Magnússon, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigríður Stefánsdóttir og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Samþykkt fundargerða

2. Nýjir og endurkjörnir trúnaðarmenn

3. Árshlutauppgjör

Formaður lagði fram til upplýsina skjal um 5 mánaða uppgjör „Jan-maí 2010“.

4. Fjárfestingastefna VR

Formaður lagði fram skjalið „Tillaga um breytingar á fjárfestingarstefnu VR (vikmörkum)“.

Samþykkt.

Guðrún Jóhanna lét bóka eftirfarandi í þessu samhengi:

„Bókun vegna tillögu um breytingar á fjárfestingastefnu VR.

Ég Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir sit hjá þar sem gögn bárust ekki fyrir stjórnarfund“.

5. Starfsreglur stjórnar VR

Formaður lagði fram til skoðunar skjalið „Vinnureglur stjórnar og stjórnarmanna VR“.

6. Orlofsmál

Formaður lagði fram skjölin „Fundargerð 28.05 2010“, „Fundargerð 08.06 2010“ og „Tillaga til stjórnar“ sem eru fundargerðir orlofsstjórnar VR og tillaga frá orlofsstjórn. Umræður.

Formaður lagði fram svo hljóðandi tillögu:

„Stjórn orlofsstjórnar leggur til við stjórn að formaður fái heimild til að kaupa eina íbúð í Reykjavík að hámarki fyrir andvirði íbúðanna sem seldar hafa verið í Ljósheimum 16 og Ljósheimum 20 að meðtöldu innbúi og standsetningu.“

Samþykkt einróma.

7. Styrkbeiðnir

a) Lúðrasveit verkalýðsins – samningur

Samþykkt tillaga að formanni sé veitt heimild til að ganga til samninga við lúðrasveitina um samning að hámarki kr. 250. þús.kr.

b) SÍBS styrkbeiðnir

Samþykkt tilaga að veita styrk 150. þús. kr.

Öðrum styrkbeiðnum hafnað eða frestað.

8. Tilnefningar í fræðslusjóði SA/FA

Formaður lagði fram skjalið „Minnispunktur v/starfsmenntasjóða SM300610“ sem er samantekt

upplýsinga um sjóðina. Kosið um fulltrúa VR í stjórnir sjóðanna., Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir skipaður aðalmaður í stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar og Teitur Lárusson í stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks.

9. 120 ára afmæli VR 2011

Frestað til næsta fundar.

10. Höfuðborgarráðstefna í CPH 2010

Formaður ræddi komandi höfuðborgarráðstefnu í Kaupmannahöfn. Óskaði formaður eftir tilnefningum um hverjir ættu að fara.

Frestað.

11. Tillaga Bjarka Steingrímssonar frá stj.fundi 12.5.10

Formaður tók fyrir og las upp tillögu Bjarka Steingrímssonar frá stjórnarfundum 12.05 2010 um að stjórnarmenn VR í Lífeyrissjóði verslunarmanna staðfesti hæfi sitt samkvæmt nýsettum reglum FME. Bjarki fór næst yfir efnisatriði tillögu sinnar.

Umræður.

Formaður bar upp tillögu að þetta yrði fellt og var það samþykkt með 8 atkvæðum, 3 á móti og 2 sitja hjá.

12. Önnur mál

a. Bergur lagði fram eftirfarandi bókun:

„30/6 '10

Fyrirspurn á stjórnarfundum

-Ég undirritaður vil fá upplýsingar um notkun starfsmanna VR, og LV, stjórnarmanna VR og LV og fjölskyldna þeirra á orlofsbíðum, sumarhúsum og öðrum eigum VR jafnt leiguíbúðum, húsum sem og öðru, þ.e. í eigin eigu.

-Upplýsingar óskast fyrir árin 2004 – 2010 eða úr geymsluskyldum gögnum skv. bókhaldslögum.

-Jafnframt óskast upplýsingar um greiðslur sömu aðila fyrir notkunina.

-Svar óskast eigi síðar en á næsta stjórnarfundum VR, þ.e. í byrjun ágúst.

Bergur Steingr.“

f. Ragnar Þór lagði fram skriflega ósk um að Lífeyrissjóður verslunarmanna birti stjórn VR könnun Capacent með eftirfarandi bókun:

„Ég óska eftir að LV birti stjórn VR könnun sem Capacent vann fyrir sjóðinn fyrir ársfund sjóðsins í maí síðastliðinn.“

Umræður.

g. Hildur lagði fram svohljóðandi bókun um kaupin í Icelandic Group:

„Bókun

Ég mótmæli harðlega kaup LIVE á hlutafé í Icelandic Group. Ég tel þetta vera mikla áhættu og ekki bera hagsmuni sjóðsfélaga fyrir brjósti.

Hildur Mósesd.“

Ragnar lét einnig bóka stuðning sinn við bókunina.

„Ég vil styðja bókun Hildar Móses um fjárfestingu LV í Icelandair group.
Ragnar Þór Ingólfss.“

Umræður um gengislán. Formaður las upp tillögu að ályktun:

"Stjórn VR harmar þau skilaboð sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands sendu frá sér í gær. Stjórnin óskar þess af íslenskum stjórnvöldum að þau beini þeim tilmælum til fjármálafyrirtækja um að þau innheimti gengistryggð lán skv. umsömdum vöxtum þar til dómur fellur í Hæstarétti um kjör lánanna. Jafnframt skorar stjórn VR á stjórnvöld, verkalyðshreyfinguna og alla hagsmunaaðila að taka höndum saman og leita tafarlaust allra leiða til að skapa þjóðarsátt um lausn á skuldavanda heimilanna."

Samþykkt með 9 atkvæðum, 3 á móti.

Fleira ekki gert